



Vörður á leið til læsis – þróunarverkefni
Skólaárið 2014–2015

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Verkefnisstjóri: Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir

Markmið

Makmið verkefnisins var að prufukeyra og þróa áfram ferilbók sem heldur utan um og veitir yfirlit yfir þróun læsis hjá börnum á aldrinum eins til tíu ára. Undirrituð, verkefnisstjóri verkefnissins, bjó ferilbókina til og var það hluti af meistaraverkefni við Háskólann á Akureyri. Ferilbókin er skráningakerfi sem heldur utan um þróun máls og læsis hjá börnum á aldrinum eins til tíu ára. Ferilbókinni er skipt í viðmiðunartímabil og miðast hvert tímabil við ákveðið aldursbil. Á hverju viðmiðunartímabili eru tilgreindir áfangar sem varða leið til læsis. Áfangarnir tengjast málþroska, bernskulæsi og lestri og ritun. Þá er einnig gert ráð fyrir að niðurstöður ýmissa skimana og prófa sem notuð eru í leik- og grunnskólum séu færðar inn í ferilbókina.

Leiðir

Leitað var eftir samstarfi við nokkra grunn- og leikskóla á Norðurlandi og tóku átta skólar þátt í verkefninu að Grunnskólanum austan Vatna meðtöldum: Ársalir, Árskógarskóli, Árskóli, Birkilundur, Kátakot, Tröllaborg og Varmahlíðarskóli.

Þróun ferilbókarinnar byggði á því að kennarar í þáttökuskólunum skráðu markvisst í ferilbókina ásamt því að skrá hjá sér allar spurningar, hugleiðingar og athugasemdir sem upp komu við notkun bókarinnar.

Rýnifundir voru haldnir þrisvar sinnum með hverjum skóla frá janúar–júní skólaárið 2014–2015. Í mörgum tilfellum var hægt að sameina fundi grunn- og leikskóla á hverjum stað en með því sparaðist bæði akstur og tími. Fundirnir voru hljóðritaðir ásamt því að teknar voru glósur og komu margir þátttakendur einnig með skriflegar ábendingar. Eftir hvern fund tók undirrituð saman helstu niðurstöður en á liðnu sumri var unnið úr niðurstöðunum og ferilbókin lagfærð með tilliti til athugasemda og ábendinga sem fram komu á rýnifundum.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun verkefnis gekk eftir að öllu leyti nema því að úrvinnsla gagna tók töluvert lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. Þó náðist að ljúka verkinu á áætluðum tíma.

Helstu hindranir

Í upphafi var leitað eftir samstarfi við einn skóla til viðbótar. Sá skóli heltist hins vegar úr lestinni strax í upphafi. Þá var erfiðara að fá kennara í stærri skólunum til samstarfs sem er miður þar sem það hefði verið gott að sjá hvernig gengi að nota ferilbókina fyrir stærri nemendahópa.

Flestir kennararnir sem tóku þátt í verkefninu miðuðu við að byrja skráninguna á því viðmiðunartímabili sem hæfði aldri hvers og eins nemanda. Nokkrum kennurum þótti erfitt að byrja inni í miðri bók og var rætt um að það hlyti að vera þægilegra þegar skráningin hefur átt sér stað frá eins árs aldri. Þetta varð til þess að mörgum fannst erfitt að hefja skráninguna. Til að byrja með fannst sumum kennurum mikil vinna fólgin í skráningunni en þegar þeir voru orðnir meðvitaðir um hvaða áfangar á leið til læsis eru í bókinni og farnir að skrá reglulega í hana varð skráningin einfaldari og léttari.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Á rýnifundum kennara kom fram að ferilbókina væri hægt að nota sem nokkurs konar markmiðssetningu eða gátlista fyrir kennara. Þetta er í takt við þá sýn sem undirrituð hafði um að ferilbókina væri hægt að nota til einstaklingsmiðunar í námi og kennslu. Þá kom einnig fram að hægt væri að nota ferilbókina samhliða námsmati í grunnskólum. Almennt fannst kennurum mjög gott að hafa allar upplýsingar á einum stað, þ.e. skráningu á þróun málþroska,

bernskulæsi, lestri og ritun sem og skráningaformin fyrir skimanir og próf sem notuð eru í leik- og grunnskólum.

Á rýnifundum var rætt um hvernig best væri að haga skráningu í ferilbókina í leikskólum og voru vel flestir sammála um að best væri að hver leikskólakennari sæi um að skrá fyrir sinn hóp. Þegar farið verður í að innleiða ferilbókina í leikskólum er gott að vita með hvaða hætti best er að gera það svo að vinnan verði ekki of yfirgripsmikil. Það var því mjög gott að fá þessa umræðu fram.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Undirrituð er ekki í vafa um að með því að skrá í ferilbókina næst góð yfirsýn yfir þróun máls og læsis hjá hverju og einu barni. Þetta er hins vegar mikil vinna, sérstaklega til að byrja með, á meðan kennarar eru að læra á skráningakerfið og hvaða áfangar eru tilgreindir í ferilbókinni. Það má ekki gleyma því að þó að það sé mikil vinna fólgin í skráningunni þá er það mikilvæg vinna en eins og skólastjóri eins þátttökuskólans orðaði það: „Þetta snýst um forgangsroðun. Ef það er ekki tími til að einbeita sér að þessu þá erum við ekki á réttum stað.“

Á rýnifundum kom fram að kennarar eru almennt ánægðir með að fá verkfæri í hendurnar sem skapar samfellu í skráningu á milli skólastiga. Þá var einnig ánægjulegt að heyra að kennarar sjá fyrir sér að geta notað ferilbókina til markmiðasetningar og einstaklingsmiðunar í námi og kennslu.

Niðurstöður verkefnis

Á rýnifundum og í skriflegum gögnum komu fram margar gagnlegar ábendingar um hvað mætti lagfæra í ferilbókinni. Var meðal annars bent á að betra væri að hafa alltaf eitt atriði undir í hverjum áfanga, t.d. að spyrja eftir hverju máhljóði fyrir sig í staðin fyrir að nefna nokkur hljóð saman. Þá komu einnig fram ábendingar um að færa nokkra áfanga er varða bernskulæsi á önnur aldursbil og byggðu þær ábendingar á reynslu kennaranna. Þetta eru atriði eins og hvenær börn byrja að þykjast lesa bækur, hvenær þau læra að halda rétt á bók o.s.frv. Þátttakendur í verkefninu komu jafnframt með ábendingar um hvað þeim fannst vanta í formin fyrir skráningar á niðurstöðum skimunarprófa og athuganna sem notaðar eru í leik- og grunnskólum.

Niðurstöður rýnifunda voru, eins og áður sagði, notaðar til að lagfæra ferilbókina og er fullmótuð ferilbók niðurstaða og afrakstur þróunarverkefnisins. Niðurstöður verkefnisins eru í takt við markmið þess. En það má þó kannski segja að ferilbókin sé ekki fullmótuð þar sem slíkt plagg verður að vera í stöðugri endurskoðun í takt við þróun í skólastarfi og rannsóknir tengdum máli og læsi.

Ferilbókin verður tekin í fulla notkun í Grunnskólanum austan Vatna nú í haust.

Þátttökuskólarnir fá jafnframt ferilbókina til afnota fyrir sína nemendur nú á haustdögum og er það alfarið þeirra að ákveða hvort hún verði tekin í notkun nú í haust eða ekki.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Á komandi skólaári verður ferilbókin kynnt nánar fyrir kennurum í leik- og grunnskólum Skagafjarðar og í framhaldinu tekin í notkun í skólunum. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um hvort eða hvernig ferilbókin verður kynnt annars staðar á landinu.

2. september 2015
Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir